

Starfsemi:
Húsið er á fjórum hæðum. Á 1. hæð eru fjórar leikskóladeildir, á 2. hæð fjórar kennslustofur fyrir yngstu bekkir grunnskóla (1. – 4. bekk) og á 3. hæð samkomusalur, bókasafn og þaksvalur. Í kjallara eru lagnarymi og geymsla.

Húsið skiptist í tvo hluta sem tengdir eru saman með kjarnabyggingu. Í hvorum hluta hússins eru tvær leikskóladeildir og tvær kennslustofur. Í suður hluta hússins er gert ráð fyrir deildum fyrir yngstu börnin, við enda hans er svokallaður skjólvöllur, sem er yfirbyggður "útleikvöllur". Við hverja deild eru geymslur og salerni og fataherbergi. Í kjarnabyggingu eru skrifstofur, aðstaða fyrir starfsfólk, bókasafn, eldhús, kennslueldhús, salur og fl. sameiginleg rými.

Á þaksvolum er gert ráð fyrir að hluti kennslunnar fyrir grunnskólabörnin fari fram. Þar verða staðsett gróðurker, steinasafn, áttaviti og flaggstöng.

Miðað er við að fjöldi barna sé allt að 200 talsins mestan hluta dagsins, sem skiptist u.þ.b. til helminga milli leik- og grunnskóla. Gert er ráð fyrir 30-40 starfsmönnum.

Byggingarlýsing:
Húsið er á steinsteyptum sökklum á malarþúða. Undir steinsteyptri plötu er einangrunarplast. Kólnunartala plötu: 0,30W/m²C.
Útveggir eru steinsteyptir, einangraðir að utan með 100 mm, 80 kg/m³ (steinull), klæddir með stenklaðningu. Litir verða í ljósum tönum. Lærklæðing er við innganga og hluta af opnum stíghúsum við hvorn enda hússins. Kólnunartala útvegga er 0,4 W/m² C.

Innanhúss eru steyptrir veggir sléttmúraðir og málaðir. Allir léttir innveggir eru gífsklæddir, fylltir með steinull og sömuleiðis málaðir. Gluggar eru tré-ál gluggar, nema gluggar í skjólvelli eru víðargluggar. Allt gler er tvöfalt einangrunargler, einangrunargildi skv. byggingareglugerð.

Þök eru einangruð á steinsteypta plötu með plasteinangrun ("styrisol") í tveimur lögum, samtals 180mm þykkt.
Helbræddur fjórþappi er undir einangrun á þaki og þakköntum. Þaksvallar eru hellulagðar og timburklæddar, þær verða með snjóbræðslu að hluta til. Vatnshalli á þaksvolum er í plötu. Önnur þök byggingarinnar eru með tvöfaldr þökulögn en byggður upp á sama máta og hér er lýst að ofan. Kólnunartala þakflata er 0,2 W/m² C, eða betri. Þak skjólvallar er óeinangrað.

Loftklæðing innanhúss eru hjóðdeyfandi harðpressaðar steinullarplötur í brunaflokki 1. Vélræn loftræsing er almennt í byggingunni og því til viðbótar er loftað um opnanleg fóg. Loftræsing uppfyllir skilyrði reglugerðar.

Lagnastokkar eru staðsettir í stökkum við aðalstiga hússins. Hitakerfi hússins er gólfhit.

Keramik flisar eru á gólfum andrygja, fataherbergja og snyrtinga en vinyldúkur á eldhúsi, þvottahúsi og ræstingu. Á öðrum gólfum er linoleum dúkur og í öllum leik og kennslurýmum er korkment undirlag. Gólfíndurfiöll eru í öllum votrymum.

Inntök rafmagns, hitaveitu og vatns eru frágengin skv. kröfum viðkomandi veltna og eru staðsett í kjallara.

Smáhýsi á lóð
Eitt smáhýsi er á lóð fyrir geymslu leiktækja. Það er byggt úr timburgrind, timburklætt með standandi klæðningu, þak er þökuklætt. Húsið er óupphituð en með rafmagnslýsingu.

Skjólvöllur
Skjólvöllurinn er létt óupphituð bygging, opið B-rými, gólf er lagt gúmmihellum. Þetta er ætlað sem skjilt leiksvæði fyrir minstu börnin.

Sorpgeymsla
Sorpgeymsla er stakstöð á lóðinni staðsett við norðurhlíð hússins í nálægð við eldhús og bílastæði skólans.

Gert er ráð fyrir 32 bílastæðum á lóð, þar af 1 staði fyrir hreyfihamlaða og 1 staði fyrir vörumötöku. Lóð er hönnuð af Forma ehf

Brunaþol burðarvirkis:
Allt burðarvirki hússins verður á m.k. R60.

Brunasamstæður og brunahólf:
Um er að ræða 3ja. hæða hús með kjallara. Heildarstærð hússins er 2.108 m². Einn stigi innanhúss tengir hæðirnar saman. Stiginn er sérbrunahólf og skilur húsið í raun í tvær brunasamstæður á hverri hæð þar sem hann virkar eins og brunastoka. Í kjallara eru brunasamstæðuskil að stigarými með veggjum EI90 og hurðum EI 60CS. Veggir milli brunahóla eru EI60 og hurðir EI 30CS. Þar sem það er áætlað m.t.t. geislunarhættu meiga hurðir milli brunahóla vera E 30CS. Tryggt skal vera að reykur geti ekki borist á milli mismunandi brunahóla og skal þetta vel með víðurkenndum efnum með öllum lögnum sem liggja milli þeirra.

Flóttaleiðir:
Út úr öllum rýmum verða á m.k. tvær óháðar flóttaleiðir. Flóttaleiðir eru hannaðar í samræmi við gr. 208 í byggingareglugerð. Opunarbrúnaður dýra skal vera í samræmi við gr. 208 og leiðbeiningarbrúnaður Brunamálastofnunar 208 2 BR2. Í samræmi við leiðbeiningar Brunamálastofnunar verður sett upp yfirlitsmynd sem sýnir flóttaleiðir ásamt helstu viðbrogðum vegna eldsvoða í aðalandyri skólans og á öðrum stöðum í samráði við slökkviliðstjóra/eldvarnarefirlit.

Klæðningar:
Loft- og veggflétr innanhúss verða í flokki 1. Upphengt loft ásamt tilheyrandi upphengjum verða úr efnum sem uppfylla flokkunina B-s1,d0 samkvæmt ÍST EN 13501-1. Gólfefni í flóttaleiðum uppfylla flokk G og þakklæðingar flokk B_{ca}. Utanhúsklæðing verður í flokki 1 og féslingar verða úr A-efnum.

Svokallaður skjólvöllur óeinangrað skjli, er klæddur utan með timburklæðningu, ekki er sambrunahætta við aðalhlús vegna þessa þar sem skjólvöllurinn stendur það langt frá aðalhlúsi og steypt stíghúsið er á milli. Að innanverðu er skjólvöllurinn með gífsklæðningu í þaki en veggir eru timburklæddir. Húsið er lítið 88 m² og útgangar yfirdrifur og því er þessi klæðing útvegga ásettannleg. Einnig nær brunaviðvörðunarkerfi út í skjólvöllinn.

Brunaviðvörðunarkerfi:
Í allt húsið og skjólvöllinn verður sett sjálfvirk brunaviðvörðunarkerfi tengt inn á víðurkennda vaktstöð. Kerfið skal vera víðurkennt númerað kerfi, hannað og uppsett í samræmi við reglur og leiðbeiningar Brunamálastofnunar og ÍST EN 54. Stjórnstöð brunaviðvörðunarkerfis verður í aðalandyri skólans. Við stjórnstöð skal setja yfirlitsmynd af kerfinu. Kerfið skal vera þjónustað af aðila víðurkenndum af Brunamálastofnun.

Nánari lýsing og útfærsla á kerfinu er að finna á sérteikningum rafmagnshönnuðar.

Neyðarlýsing og út-ljós:
Neyðarlýsing, sjálfvirk merkingar og út-ljós verða sett í húsið í samræmi við byggingareglugerð, ÍST EN 1838:1999, ÍST EN 50172:2004, leiðbeiningar Brunamálastofnunar 160 BR3, byggingareglugerð 441/1998 og ISO 18069. Neyðarlýsing verður einnig sett í skjólvöll.

Slökkvikerfi:
Sett verður sjálfvirk slökkvikerfi í eldhúsháfa í eldhúsi. Kerfið skal vera víðurkennt af Brunamálastofnun.

Slökkvitæki og slöngukefli:
Í húsið verða sett slöngukefli eins og aðalupprættir sýna. Handslökkvitæki skulu sett við hvert slöngukefli og á öðrum stöðum í samræmi við leiðbeiningar Brunamálastofnunar og eldvarnaefirlits. Slöngukefli skulu uppfylla ÍST EN 671-1 og 164 gr. byggingareglugerðar. Handslökkvitæki skulu vera skv. leiðbeiningum 165 BR1 og ÍST EN 3.


Reyklosun:
Reykfluga 1m² að stærð verður sett í stíghúsi í samræmi við gr. 204.8 í byggingareglugerð. Hún skal vera opnanleg frá 1. hæð. Í kjallara verður sett reyklosun í loftræsikerfi 50x50cm. Reyklosun úr öðrum hlutum hússins verður í gegnum dýr og glugga á byggingunni.

Loftræsikerfi:
Brunavarnir vélrænna loftræsingar í húsinu verður í samræmi við DS 428 og byggingareglugerð. Við brunaboð skal loftræsikerfið stöðvast.

Nánari lýsing og útfærsla á loftræsikerfunum er að finna á sérteikningum lagnaönnuðar af kerfinu

Brunaþættingar:
Lagnagöt og önnur gót á milli brunahóla og brunasamstæða verða þétt með sérstökum brunuþéttnum á víðurkenndan hátt. Þéttfni sem notuð verða til verksins skulu vera notuð í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda efnanna og vera víðurkennd af Brunamálastofnun til yfirlitsaðrar notkunar.

Vöðald og eftirlit:
Um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í húsinu gjldir reglugerð nr. 200/1994.



Stærðir:
Lóðarstærð: 4918,2 m²
Brúttóflútur húss: 2092,6 m², brúttóflútur skjólvallar: 96,8 m² og geymsluskúr 11,6 m².
Nýtingahlutfall: 0,45



ÚTGAFA	TEKNAÐ	ÍSAMBÝRKT	DAÐS
BRÉYTINGAR			

ASK Arkitektar
Garegölu 9
101 Reykjavík
Sími 515 0300
Sími 515 0319
Fax 515 0319
www.ask.is

Ártun og afhöfnunur:
Sigurður Sigurðsson
Sígurður Sigurðsson arkitekt FAI, tlf. 06767-8319

**LEIK OG GRUNNSKÓLI BJARKAVÖLLUM 3
AÐALTEIKNINGAR**

HEITI TEIKNINGAR
Afstöðuumynd

MÖV Í A1
1:500
TEKNAÐ
HD
DAÐS
08.07.2008
ÚTGAFA

VERK NR. 0736
NÚMÉR TEIKNINGAR 10-01